



Alþingi
Erindi nr. P 135/2005
komudagur 3.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Berist iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11
Reykjavík, 02.04.2008

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða, 13. mál**

Landsvirkjun hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga ásamt bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 11. mars 2008, þar sem óskað er umsgagnar fyrirtækisins um tillöguna.

Landsvirkjun leggst gegn þingsályktunartillögu þessari og telur að hún sé óþörf enda uppfylli íslensk löggjöf nú þegar þau skilyrði sem stefnt er að með tillögunni. Ekki er hægt að tryggja sjálfbæra nýtingu jarðhitasvæða með því að setja leikreglur fyrirfram enda er hvert jarðhitakerfi einstakt og því þarf að haga vinnslu þeirra út frá rannsóknum sem stöðugt eru í gangi.

Ástæða þykir til að benda á að Landsvirkjun hefur innleitt umhverfisstjórnun fyrir raforkuvinnslu fyrirtækisins samkvæmt ISO 14001 staðlinum og hefur umhverfisstjórnunarkerfið verið vottað af Vottun hf.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

